

Fundur 28.3.2022 Viktória dönsk kona frá 19. öld.

Komið þið öll sæl á gömlu jörðinni okkar.

*Blessaður og velkominn.*

Tala ég úr stjörnusambandsstöð og sífellt betur læri ég að meta þá kunnáttu og andlegu færni sem þarf til þess að reisa þær byggingar á réttum stöðum og úr réttum efnum og magna þannig mannkynin að þau missi ekki áhugann á þessu mikla takmarki, heldur leiti sífellt ofar og hærra og fái aðstoð þegar hnökrar verða á lífsstefnu þróuninni um stundar sakir eins og stundum gerist.

Er hér á margt að minnast og gæti ég sagt frá ýmsum þáttum og atriðum þessa lífs og vona ég að ég komist yfir sem flest af því.

Finnst mér líf mitt taka breytingum til góðs í hvert skipti sem ég skil við hvern þann gamla líkama sem ekki getur starfað lengur og ég fæ nýjan líkama á nýjum hnetti.

Og hefur það þó gerst einstaka sinnum að framför mín hefur ekki verið alveg bein, heldur hafa orðið truflanir um stundarsakir og er það nokkuð löng saga og hef ég fengið aðstoð við að rifja það upp sem hefur gleymst en megin atriðin eru mér ljós og finnst mér það undarlegt að þegar ég fæ fréttir af gömlu jörðinni, að sumar af þeim breytingum sem orðið hafa á ykkar jörð, skuli ekki hafa gerst fyrir löngu hjá okkur.

Hafa að vísu orðið miklar tækni framfarir og ekki síst höfum við sagt skilið við mengandi tækni og tekið upp lífræna tækni sambandsfræða og margvíslegra tenginga líforkunnar og framfarir því orðið miklar en gremja út af samfélagslegri stöðu og þróun upprættist ekki hjá mér fyrr en frekar nýlega.

Þar sem ég hafði það á tilfinningunni að gera mætti betur í þeim efnum. Hef ég nú haft spurnir af því og spurt sérstaklega af því á þeim fjölmörgu fundum sem ég hef sótt í þessum glæsilegu stjörnusambandsstöðvum, hvort það sé regla eða undantekning að réttindi kvenna komi á undan eða eftir, vísindalegum framförum og þekkingu á efninu og leyndardómum tilverunnar.

Og hef ég fengið þau svör að ekki sé það algilt á hvern veg það þróast og fer, og hefur það vakið áhuga minn að fræðast betur um þetta.

Hef ég bæði hér á þessum hnetti og á öðrum framlífs hnöttum mínum, gegnt starfi félagsfræðings og slíkum tengdum störfum og er þar mikill munur á hversu einfaldari og auðveldari viðfangsefnin eru hér í þessu framlífi heldur en voru áður.

Hef ég einnig hlustað á erindi dr Helga Pjeturss þar sem margir Íslendingar eru staddir og hefur hann talað um ástir Gyðju og Guðs og hvernig framþróunin stefnir stöðugt, á framlífs hnöttunum og er ég sammála þeim kenningum og er það í samræmi við almennt farsældar stig á þessum hnetti að hér tignum við Guðina fornu norrænu en ekki suðræna Guði eða austræna.

Vildi ég sérstaklega tala um réttindi kvenna, er ég Dönsk kona og var ég uppi á jörðinni fyrir ekki svo löngu en þó talsvert langt síðan það var og höfum við mörg hér fylgst með ástandinu á jörðinni og vakti það sérstaka athygli okkar þegar konur fóru að krefjast réttar síns nýlega.

Og spruttu af því ýmsar umræður á okkar hnetti og gerum við okkur grein fyrir hættunni í þeim efnum en viljum við leiðbeina ykkur og efla á allan hátt.

Hér á þessum hnetti eru einnig tengingar við Íslendinga og aðra Norðurlanda búa og hefur verið áhugavert að umgangast þá og áður í framlífi.

Vil ég sérstaklega fjalla um hjónabönd mín á framlífs hnöttum mínum, þar sem menningin var þannig að ekki þótti eðlilegt að við konur gerðum okkur von um það að komast áfram innan fyrirtækjanna og finnst mér það skrítið að ég skuli ekki hafa efast um þau þjóðfélags viðmið á þeim tíma og vann ég á skrifstofum á tveimur framlífs jörðum.

Og breyttist þar ekki ástandið að ráði í samskiptum kynjanna en sá ég það eftir á, hvernig hjónabönd mín hefðu orðið betri hefði ég verið ákveðnari og ýmis samskipti við yfirmenn mína ekki æskileg, hefði mátt betur fara en það var ekki þannig tíðarandi á þeim tíma.

Þegar ég var á jörðinni í framlífi mínu var ég nokkuð hamingjusöm og eignaðist býsna mörg börn en þau dóu einnig mörg frá okkur og hitti ég þau í fyrsta framlífi mínu og ættingja mína.

Þar sem ég ólst upp í framlífi mínu voru gamlar menjar af heiðinni trú og amma mín og móðir minntust á gamlar þjóðsögur og íslenskar og norrænar goðasögur, talað um Freyju og mátt hennar sem tengdist ákveðnum vatnasvæðum í bernsku umhverfi mínu.

Og hjálpaði það mér mikið og gerði ég stundum grín að hörðum trúarsetningum presta, var ekki, ég gerði mér strax grein fyrir því í framlífi að tilveran er flóknari en hægt er að nema í trúarbragðafræði, kristnifræðslu.

Verð að stytta mál mitt, ég þarf að koma síðar, vildi lýsa því hvernig samskiptin eru öll auðveldari á þessum hnetti og auðveldara að tala við fólk og kynnast, en verð ég að koma síðar og fjalla betur um það.

Ælta ég að segja deili á mér, Viktoría heiti ég og frá Fjóni í Danmörku, var ég uppi snemma á nítjandu öld.

Margs er að minnast og get ég ekki haft þetta mikið lengra en ef það eru spurningar þá reyni ég kannski að svara því.

*Fórst þú ekki einhvern tímann til Kaupmannahafnar þegar þú bjóst í Danmörku?*

Já, já.

*Já, var búið að reisa Thorvaldsen safnið þegar þú komst til Kaupmannahafnar, hafðir þú nokkur tök á að líta inn í það?*

Nei ég var ekki, hann var uppi um það leiti, eða hvað?

*Já, safnið er reist 1840, það hefur kannski ekki verið á þinni dagskrá að fara þangað.*

Ég lifði það ekki svo lengi. Það var aðeins áður, en nafnið kannast ég við hann var af íslenskum ættum.

*Já faðir hans var Íslendingur.*

Já já, mikill listamaður og frétti ég af því hvernig Íslendingum tókst að fá sjálfstæði og gladdi það mig mikið vegna þess að ég hafði gert mér grein fyrir því að, löngu áður í framlífi mínu að það var eitt af því sem þurfti að breytast og var það komið í betra horf hjá okkur á undan.

Já er hér bjart yfir mér og vona ég að þið njótið orkunnar og ætla ég nú að kveðja ykkur að sinni og þakka ykkur fyrir.

*Vertu sæl og vertu velkomin aftur.*

*Og gangi þér sem allra best.*

Takk fyrir, takk fyrir.